
Framkvæmdauppgróftur í Hafnarstræti 17-19, Reykjavík.



Lilja Björk Pálsdóttir, Jónas Haukdal Jónasson
og Guðrún Alda Gísladóttir

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Reykjavík 2015 FS567-1508



Forsíðumyndin er af rannsóknarsvæðinu, séð til vesturs.

©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Aðferðarfræði og markmið	5
Ágrip af byggingar- og þróunarsögu framkvæmdasvæðisins.....	6
Hafnarstræti 15	9
Hafnarstræti 17	10
Hafnarstræti 19	10
Fornleifarannsókn HAF15-9	11
Niðurstöður: Fyrri hluti. Vestursnið [019]:.....	14
Fasi/byggingarstig 1:	14
Fasi/byggingarstig 2:	14
Fasi/byggingarstig 3:	14
Veggir og rými afhjúpað - niðurstöður.....	16
Samantekt um fundi	21
Uppgröftur	22
Lífræn efni.....	23
Leir	23
Leirker.....	23
Múrsteinar	24
Gler	24
Rúðugler	24
Glerlát	24
Skraut	24
Málmur	25
Steinar og steypa	25
Samsett	26
Niðurstaða og lokaorð	26
Heimildir	27
Viðauki. Einingaskrá	28
Viðauki 2. Fundaskrá.....	30
Ljósmyndaskrá	31
Teikningar	32
Töfluskrá	32

Inngangur

Þann 11. mars 2015 fór framkvæmdaraðilinn Suðurhús fasteignafélag ehf kt. 700104-2640 þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að framkvæma fornleifauppgröft á byggingarreit, Hafnarstræti 17-19 vegna byggingu fyrirhugaðar Hótelbyggingar á svæðinu.¹ Í framhaldinu sendi Fornleifastofnun Íslands inn umsókn til Minjastofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við Hafnarstræti 17 og 19. Undirbúningur fyrir vettvangsvinnu hófst mánudaginn 20. apríl 2015. Uppgröftur hófst svo þriðjudaginn 21. apríl 2015 og lauk fimmtudaginn 30. apríl. Fornleifafræðingar á vettvangi voru þau Lilja Björk Pálsdóttir Jónas Haukdal Jónasson og Lisabet Guðmundsdótti. Stjórnandi uppgrftarins var Lilja Björk Pálsdóttir. Umsjón með greiningu gripa hafði Guðrún Alda Gísladóttir. Jónas Haukdal Jónasson skráði gögn í gagnagrunn uppgrftarins² og tók einnig þátt í greiningu þeirra. Jannie Amsgaard Ebsen forvörður sá um forvörslu og ráðgjöf varðandi meðhöndlun og geymslu gripa. Það svæði sem rannsakað var ca. 300 fm að stærð og er staðsett norðanmegin við Hafnarstræti 17 (Tryggvagötumegin). Hluti af umræddum reit hafði áður verið raskaður með vélaskóflu og á þeim hluta var eingöngu hægt að nýta upplýsingar úr sniði sem var í vesturhluta uppgraftarsvæðisins.

¹ Suðurhús fasteignafélag, bréf dagsett 11. mars 2015

² Sjá fundaskrá í viðauka 2.

Aðferðarfræði og markmið

Þegar fornleifauppgröftur hófst á svæðinu var vélskófla notuð til að fjarlægja jarðveg sem raskað hafði verið þegar grafinn var fyrir grunnni fyrirhugaðs Hótels. Einnig þurfti að fletta malbiki af norðurhluta svæðisins (50-60 fm).

Fornleifafræðingar fylgdust með þegar vélskóflann fletti ofan af svæðinu og voru hleðslur afhjúpaðar með hjálp gröfunnar ásamt því að fornleifafræðingar grófu frá veggjum [004-006] með skóflum og múrskeljum svo þeir yrðu ekki fyrir skemmdum. Einnig var grafinn könnunarskurður [009] á vesturhluta uppgriftarsvæðisins og voru snið í könnuð ásamt dýpt veggjanna. Engin mannvistarlög fyrir neðan neðstu steinaröð var sjáanleg

Þegar komið var niður á 1 m. dýpi fór að bera töluvert á brunaleifum, aðallega brenndum viðarleifum. Lá þetta brunalag nokkuð jafnt yfir því svæði sem rannsakað. Haugur af brenndum viðarleifum lá fyrir miðjum vesturveggnum. Notast var við þá uppgriftaraðferð að grafa í einingum (*e. Single context*), þ.e. að jarðlög eru fjarlægð eitt og eitt í öfugri röð við þá röð sem þau mynduðust. Er aðferðinni lýst ítarlega í uppgriftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands³. Brunalag var yfir öllu svæðinu og var það rannsakað nánar. Töluvert af gripum fannst í brunalaginu og nánari greining á þeim leiddi í ljós að um 20. aldar gripi er að ræða (sjá fundarskrá í viðauka).

Þegar brunalaginu hafði verið flett ofan af kom í ljós steinsteypt gólf [008]. Var yfirborð þess ásamt yfirborði veggjanna kortlagt með alstöð. Kannað var með sniðskurði hvort fleiri mannvistarlög leyndust undir steypuplötunni en ekki var hægt að greina nein merki um fleiri mannvistarlög. Suðurhluti uppgriftarsvæðisins var mikið raskaður enda hafði vélskófla raskað svæðinu verulega þegar mokað var fyrir húsgrunni fyrirhugaðs hótels. Var það svæði grafið án eftirlits og því skortir upplýsingar um minjar á þeim hluta svæðisins nema í sniðskurði [019]. Partur af vegg [006] fyrir miðjum suðurhluta uppgriftarsvæðisins var afhjúpaður og kom í ljós síðari tíma lagnaskurður [014] og inngangur [071]. Svart og mjög hart kolalag [003] var við- og ofan á inngangnum og

³ Lucas, 2003

var gólf í inngangi úr óbrunnum viðarplönkum ásamt því að áletraðir múrsteinar voru við báða enda inngangs.

Markmið uppgrftarins var að bjarga vitneskju sem finna má hér um sögu Reykjavíkur og hafnarsvæðisins. Einnig átti að tengja HAF15-9 við eldri rannsóknarsvæði og skrá og ljósmynda gripi sem kynnu að finnast og gætu gefið nánari þekkingu um svæðið og orðið frekari efniviður rannsókna.

Ágrip af byggingar- og þróunarsögu framkvæmdasvæðisins

Við lok átjándu aldar og byrjun þeirrar nítjándu var farið að ráðstafa lóðum til verslunar í Hafnarstræti (sem kallaðist á þessum tíma Strandgata). Nokkrir kaupmenn sem ráku verslanir við Hafnarstræti höfðu látið gera bryggjur út frá verslunum sínum. Hafnarstrætið fékk nafn sitt formlega árið 1848 og norðan þess voru víða stakkstæði. Miklar uppfyllingar hafa verið gerðar norðan Hafnarstrætis í sambandi við hafnargerð sem hófst 1913 og voru nokkur stórhýsi byggð við götuna um og eftir 1920. ⁴

⁴ Páll Línal, 1987, bls. 6



Teikning 1: Byggðapróun og landfylling frá 1876 – 1917.⁵ Svarti reiturinn táknar rannsóknarsvæðið HAF15-9

Það er fyrst á korti frá 1887 að byggingar sjást á uppgrافتarsvæðinu. Byggingin var 20 x 10 metrar að flatarmáli og var í fyrstu alveg við sjávar kambinn. Á korti frá 1902 er líklega um sama mannvirki að ræða og árið 1917 er búið að tengja mannvirkið við Hafnarstræti 17 sem byggt var árið 1900.⁶

⁵ Oscar Aldred, 2007, bls. 9

⁶ Oscar Aldred, 2007, bls. 9-10




Mynd 1: Fisksölutorg árið 1919.⁷ Myndin er tekin í námunda við framkvæmdarsvæðið í NV.



Mynd 2: Mynd tekin árið 1928 og sýnir vélsmiðjuna Steðja⁸ (vinstra megin við miðju) á framkvæmdarsvæðinu. Myndin er tekin í suður.

⁷ Guðjón Friðriksson, 1991, bls. 439

⁸ Guðjón Friðriksson, 1994, bls. 194



Mynd 3: Uppboð á afla. Mynd tekin 1935. Hafnarstræti 15 er neðst til hægri. Fyrir ofan fiskaflanna fyrir miðri mynd eru tengibyggingar út frá Hafnarstræti 17 norðanmegin. Myndin er tekinn í austur.⁹

Hafnarstræti 15 er byggt 1898 og samkvæmt fyrstu virðingu var húsið klætt með járni á þrjá vegu og þakhellu á austurgafli. Árið 1916 var sett brotið þak (mansard) með kvistum á húsið. Árið 1918 var húsið notað undir skrifstofur og sölubúðir. Árið 1941 var gerður inngangur í suðvesturhorn hússins. Húsið var lengi kallað Ellingsenshús eftir verslun í vesturendanum. Í austurenda hússins var veitingastaður er nefndist Bar Reykjavíkur. Sá bar var starfræktur á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. á stríðsárunum var rekinn skyndibitastaðurinn Hvoll í húsinu. Nú er þar veitingastaðurinn Hornið.

⁹ Páll Líndal, 1987, bls. 197

Hafnarstræti 17 er byggt árið 1900. Það var verslunin Nyhavn (Hafnarstræti 18) sem byggði það sem geymsluhús á lóð sinni við norðanvert Hafnarstræti sem nú telst vera númer 17. Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið járnklætt á þrjá vegu en með steingafli að vestanverðu. Thomsen kaupmaður eignaðist húsið árið 1902 og var þá efri hæðum hússins breytt í íbúðir það sama ár. Einnig lét Thomsen byggja inngönguskúr við norðurhlið hússins. Í virðingu frá 1906 var búið að láta byggja við norðurhliðina vörugeymsluskúr. Samkvæmt virðingu frá 1918 voru skúrbyggingar við húsið. Gluggar voru stækkaðir árið 1932 og fengu þá sem næst sína núverandi mynd. Þegar húsið var virt árið 1946 hafði það verið endurbætt að utan sem innan og þak endurnýjað eftir bruna árið 1945.

Hafnarstræti 19 er byggt 1925. Kaupmaðurinn M.Smith, sem átti húsið að Hafnarstræti 16, byggði geymsluhús á stakkstæðinu norðan götunnar árið 1870. Norðar við sjóinn hafði hann byggt kolageymslu árið 1860. Geymsluhús var byggt við austurgafli hennar árið 1888. Thomsen kaupmaður eignast húsin árið 1902 og urðu þau þá hluti af Thomsen Magasíni en stóðu á núverandi lóð Hafnarstrætis 19. Húsið sem nú stendur á lóðinni var reist árið 1925. Innangengt var á milli gamla hússins og þess nýja. Veitt var leyfi fyrir viðbyggingu við húsið frá 1925. Árið 2001 var búið að rífa allar skúrabyggingar á baklóð Hafnarstrætis 19 og eftir stendur eingöngu húsið frá 1925 ásamt viðbyggingu frá árinu 1991.¹⁰

Í skúrbyggingum norðan Hafnarstrætis 17 hefur verið ýmiskonar starfsemi eins og myndirnar gefa til kynna. Á síðari hluta 20. aldar var rekinn þarna veitingastaðurinn Svarta Pannan (frá árinu 1982)¹¹. Leigubílastöð var einnig til húsa á framkvæmdarsvæðinu.

¹⁰ Helga Maureen Gylfadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2006, bls. 25-29

¹¹ Dagblaðið Vísir - DV, 1982, bls. 30

Fornleifarannsókn HAF15-9



Teikning 2: Yfirlitsmynd. af uppgriftarsvæði. Blái liturinn sýnir það sem grafið var upp við rannsóknina Veggjarhleðslan sem hér er lituð rauð er veggur* sem grafinn var upp á árunum 2006 – 2007¹² og teygir sig frá Kolasundi til vesturs.

Númer	Lýsing
[004]	Norðurveggjarhleðsla
[005]	Vesturveggjarhleðsla
[006]	Suðurveggjarhleðsla
[008]	Steypt gólf
[009]	Könnunarskurður

Malbik var fjarlægt með skurðgröfu og einnig var hún notuð til að taka yfirborðslag innan úr mannvirkinu Lag þetta var úr rótaðri möl og grjóti. Það var ca. 1 m á þykkt og undir því var brunalag, yfirleitt ca. 20 cm þykkt en hluta þess hafði verið skóflað í ca. 1.5 m hrúgu við miðjan vesturvegginn. Þetta lag var fjarlægt og prufuskurður gerður meðfram vesturveggnum. Steinsteyppt gólfplata var ca. 25 fm og augljóst að vélgrafa hafði skaddað steypugólfið að sunnan og austanverðu. Það var greinilegt að ekki hafði verið steypugólf í húsinu öllu.

¹² Oscar Aldred, 2007, bls. 26

* sami veggur og fengið hefur númerið [004] í skýrslu HAF15-9. Í skýrslu TRH06-07 er veggurinn með númerið [139]




Mynd 4: Vesturveggur [005] afhjúpaður og hluti norðurveggjar [004] ásamt steinsteyptu gólfi [008]. Suðurveggur er mikið raskaður. Í framhaldi af vesturvegg til suðurs er vestursnið [019].



Mynd 5: Yfirlitsmynd af vestursniði [019]. Mynd tekin í vestur.

HAF15-9

Vestursnið [019]



Teikning 3: Vestursnið

Númer	Lýsing	Númer	Lýsing
[018]	Malbik í vestursniði [019]	[042]	Skurður fyrir [41]
[020]	Malbik í vestursniði [019]	[043]	Grjótblönduð móaska
[021]	Malbik sem er sennilega það sama og [20]	[044]	Sjávarmöl m/móösku, viðarleifum og kolalinsu
[022]	Steypt plata	[045]	Blönduð sjávarmöl og skeljabrot
[023]	Fín möl	[046]	Lag sem inniheldur talsvert af fíngerðum skeljabrotum
[024]	Gróf möl	[047]	Móöskulag
[025]	Gróf möl	[048]	Móöskulag. Líklega það sama og [047]
[026]	Sandur	[049]	Blönduð möl
[027]	Fín möl	[050]	Blönduð möl. Líklega það sama og [49]
[028]	Gróf möl	[051]	Móaska
[029]	Grjóf möl og hnullungar	[052]	Móaska. Tilheyrir líklega [51]
[030]	Skólprör	[053]	Gróf möl og steinar
[031]	Hrein gróf möl	[054]	Móaska
[032]	Skurður fyrir skólpröri	[055]	Sjávarmöl
[033]	Skurður fyrir lagnir	[056]	Kolaleifar við húsvegg/horn Hafnarstrætis 15 og 17
[034]	Fylling í [33]	[057]	Jarðvegur bein og skeljar
[035]	Fylling fyrir vegg [005]	[058]	Fínn sandur og skeljabrot
[037]	Skurður fyrir húsgrunni	[059]	Sjávarmöl. Mikið raskað eftir vélgröfu
[038]	Gróf möl og steinar	[060]	Húsveggur Hafnarstrætis 15
[039]	Grjót		
[040]	Grjót, sand og malarrask		
[041]	Fylling í stoðarholu		

Niðurstöður: Fyrri hluti. Vestursnið [019]:

Lýsingar á niðurstöðum úr fornleifarannsókninni verður skipt í tvo hluta. Niðurstöður úr rannsókn á vestursniði [019] verða útlistaðar í fyrri hluta. Í síðari hluta verður fjallað um það sem kom fram þegar grafið var frá veggjum og einnig um jarðlög.

Gerð var sniðteikning af vesturhluta uppgraftarsvæðisins. Snið [019] liggur á mörkum austur/norðurhlið Hafnarstrætis 15 og norðurhlið Hafnarstrætis 17. Sniðið teygir sig að leifum suðurenda vesturveggar [012]. Eins og áður sagði hafði uppgraftarsvæðinu sem liggur austur frá [019] verið raskað mjög mikið svo aðeins stóð eftir brot úr suðurvegg [006]. Svæðið sem raskað var nær frá [019] að Kolasundi í austri og frá norðurhlið Hafnarstrætis 17 og ca. 3 metra inn fyrir suðurvegg [006].

Fasi/byggingarstig 1: Skurður ásamt fyllingum í honum. Hann hefur verið gerður vegna framkvæmda við frárennsli og liggur frá Hafnarstræti 15. Í honum er frárennslisrör frá síðari hluta 20. aldar.

Fasi/byggingarstig 2: Tveir viðarstaurar sem skera jarðlag [044] ásamt grjótblönduðu móöskulagi [043] og blandaðri sjávarmöl [045]. Stoðarhola [042] sker einnig móöskulag [051] ef til vill eru þetta leifar tengibyggingar sem tengdi saman Hafnarstræti 17 við bakhús á sömu lóð. Þessi tengibygging er komin til sögunnar árið 1917 (sjá bls. 3). Rótað lag úr grjóti, möl og sandi [040]. Liggur yfir á stoðunum.

Fasi/byggingarstig

3:

Ssuðurveggur [006] bakhúss Hafnarstrætis 17 sem byggt var 1886 ásamt húsgrunni [037] og fyllingu hans [035]. Skurður [037] sker gömul móöskulög [051] og [054]. Á 19. öld var búið að reisa mörg hús sunnanvert við Hafnarstræti. Upphaf Hafnarstrætis nær til 18 aldar.¹³ Ekki er ólíklegt að móaska frá þeim húsum hafi verið borin í fjöruna sem þá var á þessu svæði.

¹³ Páll Línadal, 1987, bls. 15




Mynd 6: Niðurfallsrör, kolaleifar og móöskulög í vestursniði [019]. Mynd tekin í vestur.



Mynd 7: Stoðir og móöskulög í [019]. Mynd tekin í vestur.

Veggir og rými afhjúpað - niðurstöður




Teikning 4: Vesturveggur

Númer	Lýsing
[063]	Steypt plata
[064]	Brot úr steypu (L-laga)
[065]	Möl og grjót
[066]	Steypuklumpur með grjóti
[067]	Möl og grjót



Mynd 8: Vesturveggur séður innan frá. Veggurinn var 5-7 umraðir af hleðslusteinum. Ekki hefur very notaður múr á neðstu tvær umraðir því líklega hafa þær verið grafnar í jörðu. Þær hleðslur sem fyrir ofan eru eru með múr. Veggurinn liggur að norðurveggnum. Mynd tekin í vestur.




Teikning 5: Norðurveggur

Númer	Lýsing
[008]	Steypt gólfplata
[015]	Lagnaskurður í gegnum vegginn
[016]	Lagnaskurður fyrir háspennulínu
[068]	Könnunarskurður
[069]	Grjótstoð áföst steypugólfplötu
[070]	Grjótstoð áföst steypugólfplötu



Mynd 9: Norðurveggur séður innan frá. Steypugólfíð er ca. 2m frá vesturveggnum. Engin mannvistarlög fundust í undir steypugólf í könnunarskurði [068]. Búið er að raska veggnum mikið á vesturenda og fyrir miðju vegna lagningar hita og háspennulína.



Teikning 6: Suðurveggur

Númer	Lýsing
[014]	Lagnaskurður
[071]	Inngangur í rými
[072]	Steypa og mól

Suðurveggur [006] var mikið laskaður og aðeins varðveittur að hluta. Þegar hreinsað var frá veggnum sem var límdur saman með múr og brunarústir [002] fjarlægðar kom í ljós inngangur [071]. Við hann var 2 m² kolalag [003] ca. 5-7 cm þykkt. Ljósir múrsteinar voru beggja megin inngangsins á innanverðu mannvirkinu ásamt viðarplönkum sem náðu frá inngangi og ca. 1 m inn í rýmið. Rýmið var að öllum líkindum notað sem kolageymsla enda byggt fyrst sem vöruheymsla. Austurgafi byggingarinnar sem lá upphaflega fast við Kolasund Fleiri hús sem notuð voru sem vöru/kolageymslur voru byggð um svipað leyti í nágrenni uppgrafter. ¹⁴

¹⁴ Oscar Aldred, 2007, bls. 7-8



Mynd 10: Suðurveggur séð innanverðu. Inngangur inn í rýmið. Kolalag [003] á gólfí ásamt viðarplönku. Mynd tekin í suður.




Mynd 11: Inngangur rýmis við í suðurvegg. tekið innan í mannvirkinu í suður.



Mynd 12: Inngangur á suðurvegg. Kolalag [003] og viðarplankar fjarlægðir. Mynd tekin í suður.



Mynd 13: Yfirlitsmynd. Suðurveggur í beinni línu við skil vesturveggjar og vestursniðs. Mynd tekin í vestur.



Teikning 7: Suðurhlið vesturveggjar.

Númer	Lýsing
[061]	Möl og grjót. Líklega það sama og [035]
[062]	Óhreyfð sjávarmöl. Líklega það sama og [59]



Mynd 14: Suðurhlið vesturveggjar. Lagnir í þeim skurði sem gerður var þegar veggurinn var reistur. Myndin er tekinn í norður. Veggurinn sker móðskulög sem eru í sniði [019].

Samantekt um fundi


Úr rannsókninni eru skráðir á annað hundrað fundir. Val á því sem hirt var fór bæði fram á vettvangi og í úrvinnsluferli. Var þeim fundum fargað sem voru hvorki heilir né

héldu formi sínu vegna slæmrar varðveislu, og ekkert eftir sem gat vísað til upprunalegs hlutverks.

Varðveisla fundanna er mismunandi. Málmur er ryðbrunninn og tærður, viðurinn í nokkuð góðu ástandi en sumt af honum er aðeins kolað vegna bruna sem átt hefur sér stað á svæðinu, dýrabeinin – eingöngu matarúrgangur - eru í góðu ástandi, nokkuð af glerinu er með glerveiki (sem lýsir sér að yfirborðið flagnar af). Grjótið – allt þakskífur - er í góðu ástandi, svo eitthvað sé nefnt.

Uppgröftur

Við rannsóknina í Hafnarstræti 17-19 2015 fundust samanlagt 145 gripir sem skráðir eru undir 35 fundanúmerum. Eru dýrabeinin þar með talin. Fundanúmerin hefjast á HAF15-9-1 og enda á HAF15-9-35. Gripirnir sem fundust koma allir í einu röskuðu jarðlagi 002 (sem er brunaleifar sem ýtt hefur verið á þennan stað) utan tveggja múrsteina sem koma úr jarðlagi 003 og fundust á sínum stað *in situ*.



Tafla 1: Taflan sýnir hversu margir gripir úr ákveðnum efnum fundust við rannsóknina.

Lífræn efni

Lífræn efni eru ekki fyrirferðamikil í fundasafninu. Dýrabeinin eru sennilega öll úr sauðfé og eru án efa matarleifar, númer HAF15-9-21. Þá fannst ein leðuról með áfastri koparþynnu, hlutverk óvíst, HAF15-9-20. Hluti af hurð með skráargati er meðal fundanna, og er hún að hluta koluð eftir að hafa lent í eldi, HAF15-9-28.

Leir

Leirker

Leirgripirnir sem fundust falla að því virðist innan tímarammans u.þ.b. 1920-1950. Ílátsbrotin eru af nokkrum gerðum en hafa ekki verið greind til uppruna. Þau eru aðallega úr diskum og drykkjarílátum, sjá HAF15-9-21. Aðrir gripir eru



Mynd 15: HAF15-9 <24>Ílátsbrot úr keramiki

þunn postulínsbrot af fremur stórum grip, HAF15-9-27, sem enn er ekki búið að greina og postulínseingrun, sennilega úr rafmagnstöflu HAF15-9-17.

Múrsteinar

Hirtir voru 12 múrsteinar sem skráðir eru undir tveimur númerum HAF15-9-34 og -35. Eru þeir dæmigerðir fyrir þær gerðir sem sáust við uppgröftinn. Þeir eru hvítleitir og rauðleitir og eru fremur grófgerðir. Fjórir múrsteinar HAF15-9-35 fundust í jarðlagi 003 og voru steinarnir á sínum upprunalega stað *in situ*. Á einum þessara steina stendur *D.CH.F Bornholm* sem vísar til dansks uppruna en í Borgundarhólmi var múrsteinsframleiðsla um aldir.¹⁵ Uppruni hinna múrsteinanna er enn ógreindur en gæti hæglega einnig verið danskur.

Gler

Rúðugler

Alls eru skráð 3 brot úr rúðugleri undir einu númeri HAF15-9-22, rauður litur er á einu þeirra.

Glerílát

Langflest glerílátin eru úr öl- og vínflöskum. Alls eru skráðir 45 slíkir gripir undir tveimur fundanúmerum HAF15-9-29 og -30. Allar eru þessar flöskur og flöskubrot talin vera frá því um 1920-1950. Uppruni flaskanna er m.a. Skotland, England og svo eru nokkrar frá Norður-Ameríku þ.e.a.s. frá Kanada og Bandaríkjunum. Þá fannst einnig blekbytta með átta hliðar. Blekleifar eru í blekbyttunni og er hún lokuð með svörtum plasttappa, HAF15-9-25



Mynd 16: HAF15-9 <25> Blekbytta úr gleri með plasttappa. Blekleifar eru í flöskunni

Skraut

Nokkrir heilir skraut„dropar“ úr grænu gleri eru meðal fundanna, HAF15-9-18.

¹⁵ Larsen 2005, 22.

Málmur

Málmur er stærsti flokkurinn alls 45 gripir. Tegundirnar eru afar fjölbreyttar eins og sjá má hér að neðan.

Alls eru 14 gripir úr járni, allir mjög ryðgaðir, og eru m.a.: Keðjuhlekkir HAF15-9-2, brot úr kolaeldavél (ofnhurð) -3, ein flatskeifa -4, járnkrókar -6, hurðalæsing áföst hurðaleifum -7, sennilega talíuhjól -8, ljósker eða kúpill með glerleifum sennilega af útilampa/gaslampa -10, járnhjól, ef til vill öxulhjól -11 og gaslampi með flúruðum málmörmum -31. Þrír gripir úr koparblöndu eru meðal fundanna: Dyrabjalla -12, skinna/þynna -14 og einhverskonar stútur -15, gæti verið af gaskút. Þá er enn ótalið koparhúðaður hurðarhúnn -1, 26 koparhúðaðir naglar -13, verksmiðjuframleiddir og málmlok -16.



Mynd 17: HAF15-9 <032> Hjól af vagni sem runnið hefur á teinum.

Steinar og steypa

Ein þakskífa er meðal fundanna HAF15-9-26. Talið er að þakskífur (helluþak) hafi í fyrsta sinn verið notaðar hér á landi við byggingu Dómkirkjunnar í Reykavík árið 1848. Brotin sem fundust í Pósthússtræti eru misstór og sjá má naglagöt. Skífur náðu talsverðum vinsældum og var notuð sem klæðning bæði á þök og vegg frameftir 19. öld¹⁶ að minnsta kosti. Þetta eina brot endurspeglar þetta tímabil. Þá er eitt steypubrot HAF15-9-33, pússað, með rauðri, blárri og grænni málningu, gæti verið úr vegg



Mynd 18: HAF-9<35> Múrsteinar með árletrun.

¹⁶ Guðmundur Hannesson 1943, bls. 179-180; Hörður Ágústsson 1998, bls. 115.

Samsett

Tannbursti úr plasti með nælonhárum, að líkindum bandarískur frá því um miðbik 20. aldar, númer HAF15-9-19. Þá er heil postulínseinangrun af símastaur, föst á málmkrók eins og venja var, er þessi gripur númer HAF15-9-5.

Niðurstaða og lokaorð

Við fornleifarannsókn í Hafnarstræti 17-19 voru allir fundirnir úr einu jarðlagi, brunalagi 002. Gripirnir eru fjölbreyttir og endurspegla ekki venjulegt heimilishald, fremur iðnað, útisvæði og/eða þvúmlíkt. Samkvæmt gerðfræði og ritheimildum eru greinanlegir gripir frá eftir aldamótin 1900, sennilega frá tímabilinu c. 1920/30 – 1950. Merkilegt verður að telja óvenju heillegt og safn af vín- og ölflöskum sem mun veita frekari upplýsingar um innflutning og neyslumynstur Reykvíkinga á millistríðsárunum og á fyrstu árunum eftir seinna stríð.

Heimildir

Guðjón Friðriksson. (1991). *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar, 1870-1940. Fyrri hluti*. Reykjavík: Iðunn.

Guðjón Friðriksson. (1994). *Saga Reykjavíku. Bærin vaknar, 1870-1940. Síðari hluti*. Reykjavík: Iðunn.

Guðmundur Hannesson. 1943. „Húsagerð á Íslandi. “ *Iðnsaga Íslands. Fyrri bindi*. Guðmundur Finnbogason ritstj. Iðnaðarmannafélag Íslands.

Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. (1987). *Kvosin Byggingarsaga Miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík: Torfusamtökin.

Helga Maureen Gylfadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. (2006). *Húsakönnun Austurstræti - Pósthússtræti - Hafnarstræti - Lækjargata Skýrsla nr. 132*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur Árbæjarsafn.

Hörður Ágústsson. 1998. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Húsafriðurnarnefnd ríkisins.

Larsen, Niels-Holger. 2005. Bornholms Industrihistorie 250 år. *Fra drømme, virkelyst og storhedstider til nedgang, afvikling og forfald - eller omlægning og udvikling*. Bornholms Museum. Sjá slóðina:

<http://www.kulturarv.dk/fileadmin/imported/files/www.kulturarv.dk/kulturarv/industrisamfundet/kort/bornholm1.pdf> (skoðað 7. maí 2015)

Lucas, G. (2003). *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Oscar Aldred. (2007). *TRH06 - 07 The Archaeology of Reykjavík Water Front - Framvinduskýrsla / Interim report (FS353-06322)*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Páll Línal. (1987). *Reykjavík Sögustaður við Sund*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf 1987.

Suðurhús fasteignafélag, bréf dagsett 11. mars 2015.

Viðauki. Einingaskrá

Number	Area/ Trench	Type*	Group	Description/ Information	Date dd.mm.yy	ID
001		D		Yfirborð malbik	12.05.15	LP/JHJ
002		D		Fylling í húsgrunni – brenndar húsaleifar	12.05.15	LP/JHJ
003		D		Mögulegt notkunarlag í húsgrunni	12.05.15	LP/JHJ
004		D		Norðurveggur	12.05.15	LP/JHJ
005		D		Vesturveggur	12.05.15	LP/JHJ
006		D		Suðurveggur	12.05.15	LP/JHJ
007		D		Möl í húsgrunni	12.05.15	LP/JHJ
008		D		Steypt plata	12.05.15	LP/JHJ
009		C		Könnunarskurður	12.05.15	LP/JHJ
010		D		Sniðteikning af suðurhlið [004]	12.05.15	LP/JHJ
011		D		Sniðteikning af austurhlið [005]	12.05.15	LP/JHJ
012		D		Þversnið af suðurhlið [005]	12.05.15	LP/JHJ
013		D		Sniðteikning af norðurhlið [006]	12.05.15	LP/JHJ
014		D		Lagnaskurður í gegnum [006]	12.05.15	LP/JHJ
015		D		Lagnaskurður í gegnum [004]	12.05.15	LP/JHJ
016		D		Lagnaskurður í gegnum [004]	12.05.15	LP/JHJ
017		D		Yfirborðssteypa ofan á [005]	12.05.15	LP/JHJ
018		D		Malbik í [019]	12.05.15	LP/JHJ
019		G	[019]	Vestursnið	12.05.15	LP/JHJ
020		D	[019]	Malbik í [019] sennilega það sama og [018]	12.05.15	LP/JHJ
021		D	[019]	Malbik í [019] sennilega það sama og [020]	12.05.15	LP/JHJ
022		D	[019]	Steyplata	12.05.15	LP/JHJ
023		D	[019]	Fín möl	12.05.15	LP/JHJ
024		D	[019]	Gróf möl	12.05.15	LP/JHJ
025		D	[019]	Gróf möl	12.05.15	LP/JHJ
026		D	[019]	Sandur	12.05.15	LP/JHJ
027		D	[019]	Fín möl	12.05.15	LP/JHJ
028		D	[019]	Gróf möl	12.05.15	LP/JHJ
029		D	[019]	Gróf möl og hnullungar	12.05.15	LP/JHJ
030		D	[019]	Klóakrör	12.05.15	LP/JHJ
031		D	[019]	Hrein gróf möl	12.05.15	LP/JHJ
032		C	[019]	Cut fyrir klóakröri	12.05.15	LP/JHJ
033		C		Cut fyrir lagnir	12.05.15	LP/JHJ
034		D		Fylling í [033]	12.05.15	LP/JHJ
035		D		Fylling	12.05.15	LP/JHJ
037		C		Cut fyrir húsgrunni [036]	12.05.15	LP/JHJ
038		D		Gróf möl og steinar	12.05.15	LP/JHJ
039		D		Stórt grjót	12.05.15	LP/JHJ
040		D		Grjót, malar og sandrask	12.05.15	LP/JHJ
041		D		Fylling í stoðarholu	12.05.15	LP/JHJ
042		C		Cut fyrir [041]	12.05.15	LP/JHJ

Number	Area/ Trench	Type*	Group	Description/ Information	Date dd.mm.yy	ID
043		D		Grjótblönduð móaska	12.5.15	LP/JHJ
044		D		Grjótblönduð sjávarmöl m/móösku, viðarleifum og kolalinsu	12.5.15	LP/JHJ
045		D		Blönduð sjávarmöl og skeljabrot (líklega sama og [044])	12.5.15	LP/JHJ
046		D		Lag með fínum sandi og smáum skelbrotum	12.5.15	LP/JHJ
047		D		Móaska	12.5.15	LP/JHJ
048		D		Móaska. Sama og [47]	12.5.15	LP/JHJ
049		D		Blönduð mól	12.5.15	LP/JHJ
050		D		Blönduð mól. Sama og [49]	12.5.15	LP/JHJ
051		D		Móaska	12.5.15	LP/JHJ
052		D		Móaska. Sama og [51]	12.5.15	LP/JHJ
053		D		Gróf mól og steinar	12.5.15	LP/JHJ
054		D		Móaska	12.5.15	LP/JHJ
055		D		Sjávarmöl	12.5.15	LP/JHJ
056		D		Kolaleifar við húsveg/horn Hafnarstr. 15 og 17	12.5.15	LP/JHJ
057		D		Jarðvegur, bein og skeljar	12.5.15	LP/JHJ
058		D		Fínn sandur og skeljabrot	12.5.15	LP/JHJ
059		D		Sjávarmöl. Raskað eftir vélgröfu	12.5.15	LP/JHJ
060		D		Húsveggur. Hafnarstræti 15	12.5.15	LP/JHJ
061		D		Mól og grjót (Það sama og [035])	12.5.15	LP/JHJ
062		D		Óhreyfð sjávarmöl	12.5.15	LP/JHJ
063		D		Steypt plata	12.5.15	LP/JHJ
064		D		Steypt plata. Partur af horni (L-laga)	12.5.15	LP/JHJ
065		D		Mól og grjót	12.5.15	LP/JHJ
066		D		Steypuklumpur með grjóti	12.5.15	LP/JHJ
067		D		Mól og grjót	12.5.15	LP/JHJ
068		C		Könnunarskurður	12.5.15	LP/JHJ
069		D		Grjótstoð áföst steypugólflötu	12.5.15	LP/JHJ
070		D		Grjótstoð áföst steypugólflötu	12.5.15	LP/JHJ
071		D		Inngangur í rými	12.5.15	LP/JHJ
072		D		Steypa og mól	12.5.15	LP/JHJ

*Type: D = deposit, C = cut, Sk = skeleton, G = group

Viðauki 2. Fundaskrá

Rannóknarnúmer - Fundanúmer	Jarðlag	Efni	Tegund	Magn	Þyngd kg
HAF15-9-001	002	Málmur	Hurðarhúnn	1	0,200
HAF15-9-002	002	Járn	Keðja	1	0,176
HAF15-9-003	002	Járn	Eldavél	3	2.19
HAF15-9-004	002	Járn	Skeifa	1	0,155
HAF15-9-005	002	Samsett	Símapostulín	1	1,3
HAF15-9-006	002	Járn	Krókur	3	0,9
HAF15-9-007	002	Járn	Læsing	1	0.9
HAF15-9-008	002	Járn	Hjól	1	1,00
HAF15-9-009	002	Járn	Hlutur	1	2.3
HAF15-9-010	002	Járn	Ljósker	2	2,8
HAF15-9-011	002	Járn	Hjól	1	3,8
HAF15-9-012	002	Koparblanda	Bjalla	1	0,134
HAF15-9-013	002	Málmur	Nagli	26	0,150
HAF15-9-014	002	Koparblanda	Þynna	1	0,04
HAF15-9-015	002	Koparblanda	Stútur?	1	0,98
HAF15-9-016	002	Málmur	Lok	1	0,84
HAF15-9-017	002	Leir	Einangrun	1	0,16
HAF15-9-018	002	Gler	Skraut	4	0,13
HAF15-9-019	002	Plast	Tannburstaskaft	1	0,06
HAF15-9-020	002	Leður	Ól	1	0,04
HAF15-9-021	002	Bein	Dýrabein	6	0,93
HAF15-9-022	002	Gler	Rúðugler	3	0,540
HAF15-9-023	002	Gler	Brot	3	0,296
HAF15-9-024	002	Leir	Ílát	11	0,705
HAF15-9-025	002	Gler	Blekbytta	1	0,60
HAF15-9-026	002	Steinn	Þakskífa	1	0,106
HAF15-9-027	002	Leir	Brot	7	0,943
HAF15-9-028	002	Viður	Unninn viður	1	x
HAF15-9-029	002	Gler	Flaska	25	2,4
HAF15-9-030	002	Gler	Flaska	20	x
HAF15-9-031	002	Járn	Lampi	1	x
HAF15-9-032	002	Járn	Hjól	1	x
HAF15-9-033	002	Steinn	Steypa	1	2,8
HAF15-9-034	002	Leir	Múrsteinn	8	25
HAF15-9-035	003	Leir	Múrsteinn	4	4,8

Ljósmyndaskrá

Mynd 1: Fisksölutorg árið 1919. Myndin er tekinn í námunda við framkvæmdarsvæðið í NV.	8
Mynd 2: Mynd tekinn árið 1928 og sýnir vélsmiðjuna Steðja (vinstra megin við miðju) á framkvæmdarsvæðinu. Myndin er tekinn í suður.	8
Mynd 3: Uppboð á afla. Mynd tekin 1935. Hafnarstræti 15 er neðst til hægri. Fyrir ofan fiskaflanna fyrir miðri mynd eru tengibyggingar út frá Hafnarstræti 17 norðanmeginn. Myndin er tekinn í austur.	9
Mynd 4: Vesturveggur [005] afhjúpaður og hluti norðurveggjar [004] ásamt steinsteyptu gólfi [008]. ...	12
Mynd 5: Yfirlitsmynd af vestursniði [019]. Mynd tekin í vestur.	12
Mynd 6: Niðurfallsrör, kolaleifar og móöskulög í vestursniði [019]. Mynd tekin í vestur.	15
Mynd 7: Stoðir og móöskulög í [019]. Mynd tekin í vestur.	15
Mynd 8: Vesturveggur séður innan frá. Veggurinn var 5-7 umför af hleðslusteinum. Ekki hefur verið notaður múr á neðstu tvö umförin því líklega hafa þau verið grafinn í jörðu. Þær hleðslur sem fyrir ofan eru eru með múr. Veggurinn liggur að norðurveggnum. Mynd tekin í vestur.	16
Mynd 9: Norðurveggur séður innan frá. Steypugólfið er ca. 2m frá vesturveggnum. Engin mannvistarlög fundust undir steypugólfi í könnunarskurði [068]. Búið er að raska veggnum á vesturenda og fyrir miðju vegan lagningar hita og háspennulína.	17
Mynd 10: Suðurveggur, séð innandyr. Inngangur inn í rýmið. Kolalag [003] á gólfi ásamt viðarplönkum. Mynd tekin í suður.	19
Mynd 11: Inngangur rýmis við í suðurvegg. tekið inni í mannvirkinu í suður.	19
Mynd 12: Inngangur á suðurvegg. Kolalag [003] og viðarplankar fjarlægðir. Mynd tekin í suður.	20
Mynd 13: Yfirlitsmynd. Suðurveggur í beinni línu við skil vesturveggjar og vestursniðs. Mynd tekin í vestur.	20
Mynd 14: Suðurhlið vesturveggjar. Lagnir í þeim skurði sem gerður var þegar veggurinn var reistur. Myndin er tekinn í norður. Veggurinn sker móöskulög sem eru í sniði [019].	21
Mynd 15: HAF15-9 <24> Ílátsbrot úr leir.	23
Mynd 16: HAF15-9 <25> Blekbytta úr gleri með plasttappa. Blekleifar eru í flöskunni.	24
Mynd 17: HAF15-9 <032> Hjól af vagni sem runnið hefur á teinum.	25
Mynd 18: HAF-9<35> Múrsteinar með árletrun.	25

Teikningar

Teikning 1: Byggðapróun og landfylling frá 1876 – 1917. Svarti reiturinn táknar rannsóknarsvæðið HAF15..	7
Teikning 2: Yfirlitsmynd. af Uppgraftarsvæði. Blái liturinn er uppgröftur HAF15-9.....	11
Teikning 3: Vestursnið	13
Teikning 4: Vesturveggur	16
Teikning 5: Norðurveggur	17
Teikning 6: Suðurveggur	18
Teikning 7: Suðurhlið vesturveggjar.....	21

Töfluskrá

Tafla 1: Taflan sýnir hversu margir gripir úr ákveðnum efnum fundust við rannsóknina.	23
--	----